

TÍMARIT ÍSLENZKRA SAMVINNUFÉLAGA

RITSTJÓRI:
JÓNAS JÓNSSON FRÁ HRIFLU.

XI. AR.



REYKJAVÍK 1917.

ÚTGEFANDI: SAMBAND ÍSLENZKRA SAMVINNUFÉLAGA
ÍSAFOLD — ÓLAFUR BJÖRNSSON

Efnisyfirlit.

	Bls.
I.—II. hefti:	
<i>Jónas Jónsson: Framtíðarlandið</i>	1—12
<i>Jón Gauti Pétursson: Hvernig færi</i>	13—15
<i>Jónas Jónsson: Hrossasalan.</i>	16—20
<i>Jón Dúason: Félagshyggjan III</i>	21—30
<i>Guðbrandur Magnússon: Um verzlun</i>	31—50
<i>Jón Gauti Pétursson: Ófriðarhugleiðingar.</i>	52—61
<i>Jónas Jónsson: Samvinnuskóli.</i>	62—74
<i>Ólafur Friðriksson: Jafnaðarstefnan.</i>	75—80
<i>Jónas Jónsson: Enn um markaðsverð</i>	81—105
Félagsmál	104—111
III. hefti:	
<i>Jón Arnason: Samvinnumál</i>	113—127
Aðalfundur Sambands ísl. samvinnufélaga 1917	128—133
Lög sambandsins	134—140
<i>Jónas Jónsson: Utan úr heimi.</i>	141—148
—»— Samvinnufél. og G. Gíslason	149—153
Félagsmál	154—160

Einn um markaðsverð.

Í fyrsta hefti »Réttar« skrifaði og grein um *verðmyndun*. Hét sú grein *markaðsverð*. Vakti hún þegar í fyrstu allmikinn mótblástur. Á Akureyri báðust nokkrir kaupmenn eftir rúmi í öðru vikublaðinu og vildu svara. Þó varð ekkert úr þeirri fyrirætlun, þegar þeir vissu að blaðið vildi ekki taka nafnlausar greinar um málið. Leit út fyrir, að viljinn til að svara hefði verið meiri en trúin á málstaðinn, og kjarkurinn til að standa við orð sín opinberlega.

Næst fréttist af mótstöðuvon frá ritstjóra einum í höfuðstaðnum, sem nú síðustu missirin hefir berlega komið fram sem þjónustusveinn kaupmanna- og erlenda peningavaldsins í landinu. Lét hann svo um mælt að hin umrædda grein *»mætti ekki vera ómótmælt«*. Þóttist hann sjálfur hafa í hyggju að hrekja hana, annaðhvort einn eða í sambandi við aðra. Nefndi hann þar til P. P. hagstofustjóra. Nú leið og beið fram undir ár, þangað til hin lengi boðaða svargrein sá dagsljósið í Ísafold, 81. tbl. 1916. Ekki var þar getið annara höfunda en P. P. En Ólafur Björnsson fylgdi P. P. úr garði með hugheilum árnáðaróskum.

Grein P. P. var nokkuð misjafnlega tekið. Einn hinn stærilátasti peningaburgeis í höfuðstaðnum hafði við orð að gefa þessar hugleiðingar hans út í vandaðri útgáfu og dreifa um land allt, til að leiða fáfróðan almenning í allan sannleika. Sömuleiðis vakti greinin talsverða ánægju í hinum þóttafullu og afturhaldssömu

broddborgarahringum í Reykjavík. Öllum þessum mönnum fanst Þ. Þ. vera þeirra málsvari og verja hinn gamla rétttrúnað gegn hættulegum nýjungum. Og svo einkennilega vildi til, að addáunin á Þ. Þ. virtist mest fyrir það, sem var aðalgallinn á grein hans: *þekkingargorgeirinn og óvöndudustu rangfærslurnar*.

Hinsvegar fékk Þ. Þ. litla áheyrn hjá samvinnu-
mönnum landsins. Þótti þeim ritsmið hans sýna ljós-
lega, að hann fylgdi af alhuga kaupmensku og auð-
valdi. Í »Íslendingi« kom napurt gamankvæði eftir
Indriða á Fjalli um Þ. Þ. og Indriða Einarsson. Í því
var þessi vísa:

»Hoppa, eins og hrafn á rá,
við hjalla útvegsmannsins.
Stjórar, toppum tveggja á,
tignarstöðva landsins «

Fylgið við peningana hefir sjaldan verið betur ein-
kent, heldur en í þessari einföldu stöku. — Ben. Jóns-
son á Auðnum svaraði Þ. Þ. í Rétti og sýnir grein hans
nokkurnveginn ljóst, hvaða álit gáfaðir samvinnumenn
hafa á skoðunum þeim, er Þ. Þ. og hans félagar berj-
ast fyrir. Hinsvegar er allmikill fengur í að forvígis-
menn auðvaldsins komi í öllum hertýgjum fram á sjón-
arsviðið. Eftir það verður enginn misskilningur um,
hvar þeir standa í fylkingunni.

Grein Þ. Þ. skiftist aðallega í tvo kafla. Dóm um
tímaritið Rétt og tilgang þess, og svar við grein minni
um markaðsverð. Síðari kafinn er bæði lengri og til-
þrifameiri, og skortir þar ekki stór högg, þó að mark-
hæfnin sé ekki að sama skapi.

Dóm sinn um Rétt byrjar Þ. Þ. með því, að ritið
ætli sér að fræða menn um þrjár stefnur: Jafnaðar-
mensku, kenningu Henry George, og samvinnustefnuna.
Um tvær hinar fyrnefndu segir hann: »Báðar þessar
stefnur hafa safnað um sig harðsnúnum flokkum, er
hafa það sameiginlegt, að þeir þykjast hafa fundið alls-

herjarlyf við öllum stærstu meinum þjóðfélagsins og
álíta hvor um sig sitt lyf hið eina óbrigðula«. Ofar á
sömu bls. segir höf.: »En þeir (þ. e. við útgefendurnir)
hafa ekki einungis fundið meinin. Þeir hafa líka með-
ulin á reiðum höndum, og lyfseðlarnir eru þrir«.

Tilgangur Þ. Þ. er auðsýnilega sá, að blekkja les-
endur sína með því, að hið umrædda rit ætti að vera
eingöngu málagn fyrir þær stefnur, er hann nefnir.
Gat hann þó séð, að jafnvel í fyrsta heftinu var hreyft
mörgum alóskildum málum, t. d. skólamálum o. fl. En
kynlegust er þröngsýnisadróttun höf. í þessu sambandi.
Hann segir um tvær af þessum stefnum, að fylgífisk-
arnir álti *hvora fyrir sig allra meina bót*. Þetta á að
sýna frámunanlega þröngsýni. En hvernig gat þetta
komið þeim mönnum við, sem komu sér saman um að
búa í *einu* tímariti, ekki einungis með þessar *þrjár* ólíku
stefnur, heldur með *mörg* önnur framfaramál? Varð
þeim með réttu brugðið um blinda trú á *eitt* allsherjar-
lyf? Sjaldan hefir ásökun verið byggð á minni rökum.
Tilgangurinn með slíka tímaritsstofnun hlaut að vera
auðsær, hverjum sæmilega skynsömum manni. *Útgef-
endurnir höfðu ekki neitt allsherjarmedal*. En þeir vildu
lofa þeim nýjungum, sem eftar voru á baugi erlendis,
að berast til Íslands svo að þjóðin kyntist þeim og
gæti notað úr þeim, það sem reynslan sýndi að var til
bóta. Misskilningurinn er hér á hæsta stigi, þegar í
byrjun ritdómsins. Ástæðan líklega sú, að Þ. Þ. hefir
verið vanur að heyra einstökum fylgismönnum þessara
kenninga borna á brýn þröngsýni, og fundist sjálfsagt
að hafa það eftir. Dómgreindin ekki verið nægileg
til að sjá, að á þessum stað var ásökunin, vægast sagt,
utan við efnið. Önnur meinloka kemur fram í þessum
hluta greinarinnar, sú, að tímarit, sem fjallar um þess-
ar umræddu stefnur, *geti ekki verið fræðirit*. »Kenn-
ingar þeirra eru því ekki beinlínis heppilegasti grund-
völlurinn til að byggja fræðslurit á, það gefur ekki sem

beztar vonir um að fræðslan verði óhlutdræg, segir P. P. Og litlu síðar finst honum eðlilegt að greinar um þetta efni byggist fremur á trú en skoðun o. s. frv. Maður gizkar hjótlega á, hvað í hans augum muni vera *sanni grundvöllurinn*, nl. auðfræði auðvaldsinna. En jafnvel frá sjónarmiði þeirra manna, sem þannig hugsa, er ályktunin meir en vafasöm. Þá mættu ekki aðrir en þeir, sem fjandsamlegir væru þessum stefnum, rita um þær. Látum svo vera að P. P. vilji hafa einkarétt til að fræða þjóðina um *stna* stefnu. En þá er varla sanngjarnt að meina öðrum mönnum að fræða um þær kenningar, sem þeir bera betur skyn á en hann, af því að þeir geta unnað þeim sannmælis. Útgefendur Réttar gáfu heldur ekkert tilefni til þessa misskilnings, svo sem með því að þykjast *lika* vilja vera málsvavar aflamannanna (kapitalista). P. P. og hans skoðanabráðrum var þess vegna opin leið að halda úti eins mörgum blöðum og tímaritum og þeir vildu, til að fegra þá hliðina. Réttarmenn skiftu sér ekkert af því máli, en neita hinsvegar harðlega, að P. P. hafi nokkurn »rétt« til að banna þeim að rita um verðhækkunarskatt, jafnaðarmensku og samvinnu, á þeim grundvelli, sem forvígismenn þessara hreyfinga hafa sjálfir markað.

Þannig endar P. P. almenna kafla greinar sinnar. Maður skilur af þeim dæmum, sem nefnd voru í upphafi þessarar greinar og af árásum þeim, sem kaupmannasinnar hafa nú nýverið gert á samvinnustefnuna í Visi, Ísafold, Landinu, Norðurlandi og ef til vill fleiri blöðum, að ritdómur P. P. er ekki einangrad fyrirbrigði. Hann er litil grein á stóru tré. Þjóðin er að skipast í flokka, þar sem sumir fylgja auðnum og aflamönnunum, en aðrir auðsjafnandi endurbótastefnum nútímans. Það er ofurskiljanlegt að aflamönnunum og þeirra fylgifiskum þyki mikils um vert að verja sérréttindi sín. Skulu hér tilfærð nokkur dæmi, sem sýna bæði endurbótaþörfina, sé litið á málin frá sjónarmiði almennings, og

hinsvegar þann hagnað, sem sumir aflamenn hafa af »óhagnaði« þjóðfélagsins. Þó að samvinnustefnan sé nú búin að starfa hér á landi í nærfelt þriðjung aldar, og gera ótrúlega mikið gagn, eru samt enn til heil hérauð, þar sem kaupmannaverzlunin er með einokunarsniði. Í einni sýslu hér á landi er t. d. svo ástatt með verzlunarkjörin, að maður sem á 1000 kr. inni í kaupmannsbúðinni, fær ekki nema 900 kr., *ef kaupmaður greiðir innieignina í peningum*. Þetta sýnir hve mikil þörf er fyrir kaupfélög við hverja höfn, til að gera verzlunina heilbrigða, og hve gifurlegur hagnaður er að þeim fyrir allan almennung. — Í Rvík var í fyrra ein lóð á boðstólum, lóð undir eitt hús. Hún átti að kosta 110 þús. krónur. Fyrir héraumbil 20 árum var þessi sama lóð ekki 5000 kr. virði. Verðhækkun hennar stafar af vexti bæjarins og almennum framförum í landinu. Ef verðhækkunarskatti hefði verið komið á fyrir 20 árum, myndi bæjarfélagið hafa fengið 4—5 þúsund kr. í árlegan arð af lóðinni, með því verði sem nú er á henni, og meira síðar, ef bærinn vex. Og þó hefði bæjarfélagið ekki tekið, nema það sem sannanlega var þess eign. Að visu er þetta einhver verðmætasta lóðin í bænum. En gizka má á það, hve geisimikill þessi skattur hefði orðið *af öllum* lóðum í bænum, og hve mikið af nauðsynlegum endurbótum hefði mátt gera, öllum bæjarbúum og þjóðfélaginu í heild sinni til eflingar fyrir það fé. Hversvegna hafa menn þá ekki hafist handa og lögleitt verðhækkunarskatt í bænum? Af vankunnáttu almennings, en þó einkum sökum hlutdrægni og eigingirni aflamannanna, (sem áttu verðmætustu lóðirnar). Frá þessu sjónarmiði getur óhlutdrægum framfaramönnum varla blandast hugur um, *að landskattstefnan á erindi hingað*, og er fremur of seint farin að hafa áhrif heldur en of snemma. Að síðustu kemur svo hin marghrjáða jafnaðarstefna. Skyldu verkamannasamtök vera líkleg til að verða til óham-

ingju fyrir blásnaudu verkamennina, sem hima á bryggjunum á morgnana til að biða eftir *nað* vinnukaupandans, eða fyrir sjómennina á togurunum, sem látnir eru vinna án hvíldar þangað til þeir hniga sofandi út af við matborðið eða á þiljunum? Hjartalausir mega þeir menn vera, sem leggja ilt eitt til svo sjálfsagðra bjargráða eins og verkamannasamtökin eru fyrir slíka menn. Eða til að taka tvö önnur dæmi: Í Rvík og flestum öðrum kauptúnum er þurður á *húsum* og *mjólk* handa fátæklingunum. Hvorttveggja stórhættulegt fyrir líkamlegt og andlegt heilbrigði, og lengra fram undan fyrir þjóðernið. Úr þessu gætu bæjarfélögin bætt með því að byggja *íbúðarhús* og *hafa kúabú*. Hvorttveggja er mjög einföld framkvæmd. Hversvegna er það ekki gert? Af því að það er jafnaðarmenska, og broddborgararnir íslensku geta ekki felt sig við að sækja bjargráð til kenninga og samtaka smælingjanna, jafnvel þar sem enginn getur neitað, að þau eiga við.

Svona er nú ástandið hér, og þó er verra víða í öðrum löndum. Afleiðingin er auðsæ. Þeir sem njóta sérréttindanna verða að verja þau sjálfir eða fá aðra til að gera það, móti hverri hættu. Reynslan sýnir að þar sem fjármagnið er annarsvegjar, er hvorki skortur á mönnum eða málefnum. En broslégastir eru þó þeir menn, sem í nafni vísindanna bannfæra hverja framför, og það þó að vísindin séu hugum þeirra framandi; hvorki að þeir hafi hæfileika eða löngun til að leita nýrra sanninda. Enn síður að þeir geti bent á nokkur afrek, sem gefi þeim rétt til að kalla sig vísindamenn.

Til að skilja betur aðstöðu P. P. til deilunnar um markaðsverðið, er óhjákvæmilegt að taka upp úr Réttargrein minni helztu atriðin:

Fræðimönnum gengur erfiðar að komast að fastri niðurstöðu um atriði, sem *snerta mannlega hagsmuni*, heldur en lög efnisheimsins. Þessvegna er hver höndin móti annari í útskýringum *félagsmálanna*, hver stétt

með sin sannindi, sína lífsskoðun. Sumir halda að þessi glundroði hindri þroska sannra félagsvísinda. Samt ekki vonlaust um árangur. Starfstíminn ennþá mjög skammur. *Verðmyndunin* eitt deilumálið. Annarsvegjar auðvaldsinnar. Þeir segja að *mannlegur vilji* gefi hlutunum verð og halda sér við lög framboðs og eftirspurnar. Hins vegar eru jafnaðarmenn. Þeir segja að það sé *vinnan* sem gefi hlutunum verð. Fyrri kenningin kend við flestalla háskóla og gegnsýrir meginþorra auðfræðisrita. Viðskiftafræði J. Ol, helzta bókin á íslensku frá þessu sjónarmiði. Þar er vinnukenningin nefnd »hrein villukenning«. En samkvæmt henni er vinnan móðir auðsins. Náttúran leggur efnið til ókeypissuprunalega; óbyggt land og óunnið, verðlaust. Fær fyrst gildi við starf mannanna. Eignaréttur einstakra manna á landi tiltölulega ungur. Framan af öldum var jörðin sameign, síðar eign ættflokka og kynþátta. (Landhelgin enn almenningur einnar þjóðar. Sérinn utan landhelgi alþjóðaeign). Verð hlutanna miðast við framleiðslukostnað, við *meðalkaup allra, sem stunda sömu atvinnu*. (Dæmi: Embættismenn í sömu stöðu, verkamenn við sömu vinnu, hafa oft jafnhátt kaup, þó að nokkur munur sé á afkastinu). Kaupið er miðað við verk meðalmannsins, við *málsverkið*. Kaupmunur læknis og daglaunamanns fólgin í mismunandi framleiðslukostnaði. Læknirinn þurft 10—12 ára sérnám fram yfir hinn. Framboð og eftirspurn hefir samt ofurlitla þýðingu, myndar gára á markaðinum. En þegar þessi tvö öfi eru í jafnvægi, kemur fram *sannvirði hlutanna*. Og það er adalatriðið.

Um leið og P. P. kemur að þessari grein, kemst hann í mikla gedæsingu. Orðbragðið verður ruddalegt. Ritgerð mín er dæmd að vera »neðan við allar hellur«, »algerlega ósamboðin fræðsluriti, og yfirleitt sérhverju riti, sem ekki vill að eins vera æsingarrit«. Röksemdir minarkallar hann »fáránlegan útúrnsnúning« og höfund sem

dirfist að mótmæla því sem Þ. Þ. kann að álíta rétt »yfirvisindamann«. Allur reiðilesturinn er síðan þétt kryddaður með háðsmerkjum, svo að ef þau nægðu til að eyðileggja nokkurn málstað, þá myndi *verkakenningin* aldrei frammar eiga sér uppreistar-von. Þessi dæmi bregða ljósi yfir skapferli ritdómarans. Hann er ber-sýnilega í æsingu og ræður ekki við tilfinningar sínar. Ber slíkt hvorki vott um góðan málstað né mikla leikni við að rökraða alvarleg mál. Ef nokkur útskýring getur afsakað rithátt Þ. Þ. mundi það helzt vera sú, að hann sé svo háður hleypidómum hins stofulærða embættisvalds, að hann þoli ekki óreiður að sjá haldið fram öðrum skoðunum, en þeim sem honum hafa verið innrættar í barnæsku.

Engan skyldi furða þó að maður sem ritar grein, meðan hann er í svo æstu skapi, sé ekki vandur að röksemdum, enda væri synd að þera Þ. Þ. það á brýn. Hann byrjar líka »dóminn« um grein mína með meir en litilli »ónákvæmni«, þar sem hann segir: »Leitast hann (þ. e. J. J.) þar við að sanna að verðkenning sósíalista, — — að vöruverðið miðist við vinnuna eina, sé hin eina rétta«. En á bls. 38 í grein minni stendur: »Sé framboð og eftirspurn jafnt, þá kemur fram meðal-verðið, samvirðið, framleiðslukostnaðurinn. Sé framboðið meira en eftirspurnin, hækkar varan lítið eitt í bili. Og sé eftirspurnin meiri en framboðið, hækkar varan lítið eitt yfir sannvirði.« Allir sjá, að hér gerir Þ. Þ. sig sekan um visvitandi rangfærslu. Öll grein mín stefnir að því að sanna það að framleiðslukostnaðurinn sé að visu *hinn fasti stofn í verði hlutanna*, en framboð og eftirspurn valdi þó smábreytingum, eins og þegar vindblær gárar yfirborð hafsins. — Neðanmáls bætir Þ. Þ. því við, að ýmsir höf. jafnaðarmanna séu fallnir frá þessari kenningu, af því, að hún komi í bága við virkileikann. — — Næst þegar Þ. Þ. skrifar um þessi mál, væri æskilegt að hann sýndi fram á *hvada*

rithöf. hann á hér við, og *hvar* þeir hafa afneitað vinnukenningu. Ennfremur *hvort* þeir eru *samdóma auðvaldssinnum*, og hallast að því að »mannlegur vilji«, eða söluprang og spekulaton, gefi hlutunum gildi.

Þá þykir Þ. Þ. of lítið gert úr visindamensku hinna »borgaralegu« auðfræðinga. Samt reynir hann ekki að hrekja það, sem eg segi í byrjun greinar minnar, að hinar *alviðurkendu niðurstöður* í þeim fræðigreinum sem snerta hagsmuni stéttanna, séu mikið færri heldur en í hinum eiginlegu náttúruvísindum t. d. stjórnufr., eðlisfr. og efnifr. Svo ramt kveður að þessu, að einn helzti auðfræðingur Ameríkumanna hefir sagt, *ad varla væri til ein einasta setning, eða allsherjarlögmal í auðfræðinni, sem allir beygðu sig fyrir og viðurkendu*. Og hverju er þessi glundroði að kenna innan hinna »visindalegu hringa« sem Þ. Þ. virðist telja sig til? Hversvegna hafa þeir engar alviðurkendar niðurstöður? Er ekki *kyndug* sú sannleiksleit forkólfanna, sem fyrst og fremst endar í slíku innbyrðis ráðproti, en tekst þó að fæla allan þorra almennings frá skýringum sínum, það lítið þær ná? Þ. Þ. getur tæplega verið ókunnugt um það, *ad allur þorri almennings í hinum stóru menningarlöndum heimsins lifir og deyr í fullkominni andstöðu við þau fjármálavísindi sem Þ. Þ. og hans samherjar hallast að*. Sama er að segja um almenning hér á landi. Þ. Þ. er óhætt að trúa því að fordæming J. Ó. á vinnukenningu, og skýringar hans á undraáhrifum »mannlegs vilja« var mjög hlægileg fjarstæða í augum flestra Íslendinga, sem ómeltur lærdómur var ekki búinn að leiða á villigötur. Óneitanlega væri það »fáranleg meiloka« ef almenningur hefði hina lærðu auðfræðinga svo mjög fyrir rangri sök, án alls tilverknaðar frá þeirra hendi. A. m. k. er ekki beitt slíkum mótþróa við náttúrufræðinga, lækna o. fl. slíka fræðimenn, sem hafa *fasta jörð* undir fótum í kenningum sínum. Ef til vill gæti það létt undir með Þ. Þ., ef hann vildi í alvöru

reyna að skilja þetta, að háskólakennurum erstundum sagt upp stöðu og þeir fiæmdir frá starfi sínu, fyrir það að hallast að kenningum jafnaðarmanna. Í fyrra kom slikt dæmi fyrir við einn helzta háskólann í Bandaríkjunum. Fyrir 8—10 árum var félagsfræðiskennari knúður með ofbeldi frá starfi sínu í enskum háskólabæ af sömu ástæðu. Og þau dæmin eru ekki einstök. Ekki er slíkri hörku núorðið beitt við náttúrufræðinga, þótt þeir fari sínar götur í rannsóknunum. Finst ekki Þ. Þ. að slikt ofbeldi sé ekki allskostar »heppilegur grundvöllur« til að byggja á visindalegar rannsóknir?

Dálitla hugmynd um hinar óhlutdrægu auðfræðis-skodanir við Hafnar-háskóla má fá með því að kynna sér umrædda grein Þ. Þ. og ritgerð Jóns Dúasonar um »félagshyggjuna«, sem birst hefir hér í ritinu. Þar kennir ekki æsinganna, né hleypidómanna. Þar er að eins hin hreina og gífuga sannleiksást.

En til að gera það enn ljósara, hversvegna leikmenn beygja sig ekki, nú orðið, fyrir hverjum »goluþyt« sem berst úr heimi sérfræðinganna, til útskýringar mannfélagsmálum, vil eg nefna nokkur dæmi, sem sýna, hve erfitt þessum mönnum veitist stundum að geta hlutleysis í verki þegar þeir koma nærri »hjalli útvegsmannsins«. Læknir í Reykjavík, nafnkendur gáfu og sændarmaður, og einkarvel látinn, hefir í minni áheyrn látið sér þau orð um munn fara, að *vökurnar á togurunum gerðu hásetunum ekkert til. Menn gætu vanist við allt.* Nú veit hver einasti leikmaður, að svefnleysi eins og það sem hér ræðir um, er *hræðilega heilsu-spillandi.* Og í Bandaríkjunum er fenginn dómur fyrir því, bygðu á rannsóknum beztu sérfræðinga, að 10 tímar sé lengsti »normal« vinnutími. Lengri samfeld vinna hefi veiklandi áhrif, og því meir, sem meir er út af brugðið. Auðvitað vissi íslenzki sérfræðingurinn þetta. En ástæðan kom síðar í ljós. *Hann hélt að togaraútreigur gæti ekki borgað sig, nema með þessu vinnu-*

lagi, en vildi hinsvegar að sá útvegur blómgaðist, til þess að *hér gæti myndast auður í eign einstakra manna.* Annað dæmi. Hagfræðingur einn er blaðstjóri. Rétt fyrir stríðið kemur til mála að hækka laun nokkurra embættismanna. Því til styrkingar birtir einn embættismaður búreikning sinn, í blaði hagfræðingsins, og sýndi fram á, að hann varð að hafa 3500 kr. í laun til að geta lifað, með sparsemi þó. Litlu síðar vill verkamaður birta ársreikning í sama blaðinu, ekki sinn heldur sinnar stéttar, meðaltalsskýrslu um afkomu fjölmargra verkamanna, sem höfðu c. 800 kr. í árstekjur. *Þessi grein var ekki tekin.* Lá hjá ritstjóranum marga mánuði og birtist síðar í öðru blaði. Að visu komu kaupkjör verkamanna ekki beinlínis við launamáli embættismanna. En það var þó *þjóðmál* líka, á sinn hátt, að mörg hundruð manna í höfuðstaðnum skyldu þurfa að lifa fyrir fáeina aura á dag.

Þriðja dæmið. Sérfræðingur skrifar um bankamál og er að sanna það, að útlendi bankinn hér sé að verða innlendir. Og hann sannar það með því, að sparisjóðurinn aukist árlega af íslenzku fé. Bóndi ofan úr sveit, sem vist hafði lesið mjög fáar bækur um bankamál, eyðilagði þennan fallega vef, með því að benda á, að sparisjóðseigendur ráða engu um stjórn eða skipulag bankans, *heldur hlutafjäreigendurnir.* Og af þeim var margfaldur meirihluti erlendis. Og til þeirra raun ágóðinn af starfsemi bankans og þá ekki sízt af sparisjóðnum.

Þessar augnabliksmyndir ættu að geta orðið til þess að milda ofurlítið dóminn yfir þeim vantrúðu, sem ekki vilja skilyrðislaust fleygja sér í duftið við fætur þessara »mishittu« sannleiksleitenda. Nokkur rök verða og leidd að því, að Þ. Þ. sýnist vera breiskur bróðir, ástundum, í vingarði óhlutdrægra rannsókna.

Í grein minni kom það ljóst og skýrt fram, að í auðfræðinni væru í því efni, sem um var að ræða, tvær

skarpar andstæður. Ríkra manna skoðunin og skoðun-
smúlingjanna. Eg viðurkendi fúslega rétt auðvaldssinna-
til að hafa sínar skoðanir, að eins ekki að þrengja
þeim upp á alla aðra. Þ. Þ. gerir mér ekki sömu skil.
Hann reynir að komast hjá að minnast á þennan klofn-
ing, og er helzt að sjá að hann vilji líta svo á, að
verkakeningin sé bláber vitleysa og meinloka, sem
hægt sé að þurka af yfirborði jarðarinnar, með öflug-
um hádsmerkjastraum. Af grein hans er svo að sjá,
sem hann haldi að þessi kenning hafi ekkert fylgi, og
engar stuðningsmenn, og engin áhrif.

Hvort svo er, geta greina-góðir menn sannfærst
um, með því að athuga þá viðburði, sem nú eru að ger-
ast út í stýrjaldarlöndunum, bæði vald jafnaðarstefn-
unnar yfir sínum eigin fylgismönnum, og þá ekki síður
hitt, hversu hinir einbeittustu andstæðingar stefnunnar
hafa orðið að breyta kenningum hennar, (ríkisfram-
kvæmdum) í veruleika, í von um að gera þjóðirnar
sterkar og sigursælar.

Þ. Þ. hefir þótt það bæta málstað sinn, að koma
fram með tilgátu um það, hvað eg muni hafa lesið
margar bækur um auðfræði. Og tilgátan er sú, að eg
hafi lesið *tvær*: Viðskiftafræði Jóns heitins Ólafssonar
og »eitthvert æsingarrit« í ofanálag. Þykir honum ber-
sýnilega, eins og sá málstaður sé illa farinn, sem ekki
stýst við meiri bókfræði. En í stað þess að gleðja
sig við myndunina um fáfræði mína, var honum mest
fremdurvon af að brekja grein mína með rökum, og
láta síðan lesendurna finna til yfirburðanna. Annars er
þessi útdúrdúr fremur óheppilegur fyrir Þ. Þ. sjálfan.
Honum hlýtur að vera kunnugt um að niðurstöður auð-
fræðinnar, það sem þær ná, eru víðar til en í höfðum
þeirra, sem tekið hafa próf í þeim fræðum við Hafnar-
háskóla. Meir að segja má fá, á málum grannþjóðanna,
miklu meiri fróðleik um þessi efni, fyrir nokkrar krón-
ur, heldur en Þ. Þ. er líklegur til að veita þjóð sinni á

allri æfinni, einkum ef tekið er tillit til afkastanna
hingað til og eiginleika þeirra, sem koma í ljós í Ísa-
foldargrein hans.

Hins vegar gefur þessi athugasemd Þ. Þ. nokkra hug-
mynd um það þroskastig, sem hann stendur á. — Er-
lendir fræðimenn, sem koma til Reykjavíkur, verða
ekki ósjaldan varir við einkennilegan þekkingarhroka
í sumum þeim höfuðstaðarbúum, sem þykjast vera mestir
fræðimenn. Í munni þeirra er Hafnarháskóli einskon-
ar yfirvísindastofnun, og þeir sjálfir fullir aðdáunar yfir
sínum eigin afrekum. Venjulega kemur sýkin fram,
eins og í því tilfalli, sem hér er um að ræða, í *bók-
lestrargorgeir*. Ef talið berst að einhverju deiluefni,
segir islenski vísindamaðurinn: »Hafið þér lesið um
þetta bókina eftir — — —?« Og ef aðkomumaðurinn
er svo heppinn, að hafa ekki lesið þann þýzka privat-
dósent, sem til var vitnað, þá bætir »landinn« við:
»Já, en þá getið þér ekkert um þetta sagt«. Að frá-
taldri kurteisinni í slíkri *rökfærslu*, sem ekki vekur að-
dáun þeirra, sem óvanir eru svofeldum hugsunarhætti,
er þekkingargorgeirinn kæfandi fyrir frjálsa hugsun.
Sá sem alt af skoðar hlutina í ljósi »síðustu bókarinn-
ar« sem hann les um eitthvert efni, er ekki líklegur
til að leggja mikið af mörkum sjálfur. Og þetta tilgátu-
frumhlaup Þ. Þ. hefir tæplega önnur varanleg áhrif, en
að skipa honum á bekk með vissri tegund islenskra
fræðimanna, sem smábæjarþröngsýnin reykvikska og
Garðvistin danska, hafa sett sitt sérstaka »*trade mark*« á.

Eg hafði sagt, að nú þættust vinna að rannsókn
félagsmálanna mjög margir þeir menn, sem í raun og
veru leituðu ekki sannleikans, heldur reyndu að fela
hann, til að vernda hagsmuni vissra stétta og nefndi
þessa menn »vísindalega kolkrabba«. Af þessu verður
Þ. Þ. afarreiður. Til sín gat hann ekki tekið þessa
lýsingu *þá*, með því að hann hafði ekki gert neitt, ilt
eða gott, á þessum vettvangi. Hinsvegar væri gaman

að vita, hvort P. P. vildi leggja hönd á helga bók og sverja, að hann þekti enga slíka menn hér eða erlendis, rithöfunda sem eru í þjónustu auðvaldsins, og rita eins og húsbændunum kemur bezt. Ef P. P. þorir ekki að neita því, að slíkir menn séu til, þá kemur það heim við þá skoðun mína. Meira hefi eg ekki um það efni sagt.

Ennfremur rangfærir P. P. afstöðu mína til deilumálsins. Þykir honum sem eg hafi ekki rétt til að láta í ljósi álit mitt um það, hvor skoðunin hafi meira sannleiksgildi, sú sem leggur aðaláherzluna á þýðingu vinnunnar, eða hin sem er hliðholl braski og auðvaldi. Hann verður að játa með þögninni, að eg fer rétt með bæði orð J. Ól. og skýringar Marx's. Ennfremur hafði eg berlega skýrt frá glundroðanum, sem drotnaði í þessum fræði skýringum, og bent á tilefnið. Ekkert orð var í greininni sem benti til að eg þættist hafa lagt nokkuð til málanna, nema að kynna mér hvorutveggja málstaðinn, og mynda mér skoðun samkvæmt því. »Yfirvisindamanns« titillinn er þess vegna máttlaust vopn gegn mér. Og sérstaklega verður sú árás hlægileg, þegar litið er til þess, að P. P. sjálfur er óspar á að dæma fullkomna áfellsdóma um andstæðar skoðanir. Ekki hefir heldur orðið vart við, að *dómar* Jóns Dúasonar eða Jóns Ólafssonar hafi sært hlutleysistilfinningar höf. — Eg áfelli hann ekki fyrir það. Hann fylgir sínu máli og sinni stefnu. En þá verður hann að sætta sig við, að aðrir menn taki sér samskonar frelsi án þess að biðja um leyfi í Hagstofunni.

Megin herhlaup hans á mig er út af því, að kalla þá menn auðvaldssinna, sem vilja gera litið úr þýðingu vinnunnar, og fyrir að taka Jón Ólafsson góðan og gildan, sem fulltrúa fyrir þessa stefnu.

Þar til er því að svara, að í stuttri yfirlitsgrein, eins og þeirri, sem eg ritaði, var ókleyft að reyna að ilfæra innbyrðis stefnumismun manna, sem í aðalatrið-

um eru skoðanabræður. Tilgangurinn sá, að markaðaldraetti málsins, en hinsvegar engin dul dregin á innbyrðisglundroðann (sbr. ummælin um skort á föstum niðurstöðum í auðfræðinni). Og frá mínu sjónarmiði má einna glögglegast greina skoðanamun manna í auðfræðilegum efnum, með því að kynna sér álit þeirra um *áhrif vinnunnar á verðs- og auðs-myndun*. Annars vegar eru þeir sem gera vinnuna að höfuðatriði í skýringum sínum, en skoða aðra þætti, sem þó koma til greina, eins og aukaatriði. Marx hefir manna glöggast markað þessa stefnu. En eg hefi þrásinnis orðið þess var, að mjög margir menn hér á landi, einkum samvinnumenn, bygga á sama grundvelli, án þess að hafa orðið fyrir nokkrum áhrifum erlendra kenninga. Veruleikinn sjálfur hefir sannfært þá. Í daglegu tali, og atvinnusamningum, bæði í sveitum og við sjó, byggir almenningur á því því, að verð hlutanna miðist aðallega við framleiðslukostnaðinn (vinnuna). Og óbeit samvinnumannanna á kaupskýslumönnum, sem nota sér neyð almennings til að leggja óhæfilega á varning sinn, er sprottin af þeirri skoðun, að það sé siðferðislega rangt að vikja að óþörfu frá sannvirðinu. Vinna sú, sem hlutaðeigandi kaupskýslumenn hafi lagt í skifting vörunnar, sé ósambærilega litil í hlutfalli við það kaup, sem þeir á stundum ákveða sjálfum sér. Þessi skoðun hefir nýsked glögglega komið fram í ritgerðum tveggja ungra samvinnumannanna, þeirra Þórólfs Sigurðssonar (í Rétti, 1. hefti, I. árg. bls 11—12) og Jóns Gauta Péturssonar í svargrein hans móti G. G.

Hinsvegar eru þeir menn, sem reyna að komast hjá að viðurkenna áhrif vinnunnar, nema þar sem öll undanfærsla er ómöguleg. Einmitt á þessu sviði er fjölbreytnin afarmikil, tilraunirnar afarmargar, til að komast utan um *sannvirðið*. Gæti það verið efni í langa ritgerð að tilfæra skoðana- og skýringamismun höfunda, sem eru sammála um að afneita vinnukenningunni, en ósam-

mála um það, sem þeir vilja láta koma í staðinn. Svo ramt kvæður að varasemi P. P. sjálfs, að hann lætur *hjá líða* að fræða menn um sína eigin skoðun, þrátt fyrir allar þykku bækurnar, sem lesarinn á að ímynda sér að höf. hafi lesið.

Helzt er svo að sjá sem P. P. þyki framboð og eftirspurnarlögmálið helzt til úrelt fyrir sig. Að visu verst hann allra fréttu, hvað í staðinn eigi að koma, en af danskri kenslubók, sem hann lét nemendur sína í Verzlunarskólanum lesa síðastliðinn vetur, má gizka á, að hann hallist að afbrigði framboðs og eftirspurnarlaganna, þar sem frumhöfundarnir skýra eðli viðskiftanna með dæmum af hungruðum sjómönnum, sem eru fúsir til að gefa meira og meira fyrir skipstvíbökur, eftir því sem þeir eru nær dauða komnir, og viltari af skortinum. Eg vona að P. P. geti verið mér sammála um, að slík röksemdaleiðsla myndi hafa glatt bæði Macleod og J. Ól. Þeir myndu hafa séð ráð til að heimfæra tvíbökurnar undir þá hluti, sem »mannlegur vilji« og ekkert annað gefur gildi. Grein P. P. hefir þannig á engan hátt haggð því sem eg fann sameiginlegt í gildiskenningum auðvaldssinna. Aðeins á hann eftir að koma í dagsbirtuna með sitt eigið »innlegg«. Verður þess vonandi skamt að bíða.

P. P. segir: »Flestallir aðrir auðfræðingar (heldur en Macleod) fara lengra og rannsaka, hvað liggur á bak við framboðið og eftirspurnina, við hvað þau miðast og hvað ræður afstöðu þeirra innbyrðis«. Nú langar mann að heyra frá P. P. og hans samherjum (sem sjá lengra en Macleod og J. Ól.) hvað þeir finna, þegar þeir leita á bak við framboð og eftirspurn. Skyldu þeir ekki finna framleiðslukostnaðinn, sannvirðið? En þess getur höf. ekki. Hann lætur lesendur sína ekki fá minstu nasasjón af því, hvað er á bak við hið dul-arfulla tjald. Og maður getur giskað á ástæðuna. Bak

við tjaldið er *sannvirðið*, sem öll grein hans gengur út á að grafa — í þekkingarmoldviðri.

Í þessu sambandi skiftir það nokkru, að komast að því, hvað auðvaldssinum gengur til að vilja *sem minst tala um framleiðslukostnað í sambandi við verðmyndun*, og til að hylja sig í tjaldi framboðs og eftirspurnar eða í afbrigðum þess, eins og kenningunni um vaxandi verðgildi matar, fyrir menn sem eru að deyja úr hungri. Tökum tvö dæmi. Kaupmaður einn íslenzkur hefir nýlega reynt að sanna, að maður sem hafi borgarabréf (þ. e. lögleyfi til að verzla) þurfa ekki að láta sér koma annað við, viðvikjandi markaðsverðinu, en það, *hvað menn vilja kaupa djúrt*. Hann skoðar sig ekki hafa neina siðferðisskyldu gagnvart viðskiftamönnum, hvað snertir hækkun. Ef hungursneyð er, má hann nota sér út í yztu æsar vandræði almennings. Hafi nú öll auðfræðislesning eins kaupmanns stefnt í þá átt, *að líta yfir framleiðslukostnaðinn*, en gera mikið úr réttmæti framboðs og eftirspurnar, þá þarf slíkur maður varla að kvíða ásökunum samvizkunnar, hvað sem á gengur. Hann veit að hann hefir »visindin« með sér.

Annað dæmi. Nokkrir menn ná söluvaldi á meginhluta einhverrar vörutegundar, t. d. steinolíu. Þeir hækka verðið óeðlilega mikið, ef til vill fimmfalt, frá því sem vera þyrfti eftir framleiðslukostnaði. En neytendur út um allan heim verða að ganga að ókjörunum, geta ekki komist af án vörunnar. Eina ráðið þeim til bjargar, er að fá ríkisvaldið til hjálpar, til að leggja hömlur á alveldi einokumarhringsins. Hvort hafist er handa með slíkt verk, eða það látið ógert, er undir því komið, hverja lífsskoðun sú þjóð hefir, sem í slíku tilfelli yrði að taka til örþrifaráða. Ef »hringurinn« t. d. hefði stofnað visindastöð, þar sem fjöldi ungra manna væru æfðir í að líta á því lík deilumál gegnum sjóngler hringanna, þá væri það mikill styrkur. Þeir menn myndu, sem blaðamennu, próffessorar, þingmenn, ráð-

herrar, o. s. frv., tala, rita og framkvæma samkvæmt þeim anda, sem þeir hefðu drukkið inn í sig með »móð-urmjólk« visindanna. Aftur á móti væri andstæðingunum engin sigurvon, fyr en þeir hefðu sannfært þjóðina um að framferði »hringsins« væri brot á siðferðis- lögum, þótt óskráð væru. Sanuvirðið væri til — bak við blæju framboðs og eftirspurnar — »þegar dýpra væri grafið«.

Þessi »dæmi úr lífinu«, eins og kaupmennirnir segja, sýna ástæðuna til þess skoðanamunar, sem svo greinilega kemur fram í kenningunum um verðmyndunina. Þar mætast andstæðir hagsmunir. Hvor um sig fer sínu fram, verður sáluhólpinn upp á sína trú. Við sem trúum á *sannvirðið*, og siðferðislegu skylduna til að virða sannvirðið í verki, getum fúslega játað, að það sé eðlilegt, að auðvaldssinnar oti sínum tota. En það er freisting til að óska þess, að þeir ekki færi hvern *stéttarsannleik* í sakleysishjúp visindanna.

Eg hafði talið það snöggan blett á framboðs og eftirspurnarkenningunni, að samkvæmt henni mætti búast við, að þegar framboð og eftirspurn stæðist á, þá yrðu hlutirnir verðlausir. Þetta kallar P. P. endemis-ályktun. Neðar á sömu bls. (41) stóðu í grein minni þessi orð: »Þegar framboð og eftirspurn standast á, þá er jafnvægi á markaðinum. Þá eru hlutirnir seldir við sannvirði, hvorki meira né minna en þeir kosta«.

Allir óhlutdrægir og semilega vandaðir lesendur, sáu hver var min skoðun í þessu efni. Öll greinin svo að segja stefndi að því takmarki, að sýna hve ófullnægjandi og grunnfær væri skýringin um verðskapandi mátt framboðs og eftirspurnar, einmitt af því að sú skýring næði ekki til jafnvægisins, *sem markaðurinn er sífellt að leita að*, þar sem hann er ótruflaður af einokunar- hringum.

Út af þessu segir P. P.: »Og því á ekkert verð að geta myndast. En ef framboðið lækkar verðið og

eftirspurnin hækkar það, þá leiðir ekkert annað af því en það, að þegar þau vega hvort á móti öðru, þá hvorki hækka þau verðið né lækka. Verðið helzt þá óbreytt. Framboðs og eftirspurnarverðið er þá jafnt, og það verður söluverðið«.

Hér er fleira en eitt við að athuga. Fyrst það að P. P. reynir að verja framboðs og eftirspurnarkenninguna, þó að það sé auðsætt fyr í greininni að honum þyki hún úrelt, og að hennar fylgendur séu fáir, og hafi »sérstöðu« meðal auðfræðinganna. En auðséd er að þrátt fyrir öll ólíkindalætin rennur honum samt blóðið til skyldunnar, að verja þennan garð. En verri er þó sú kórville, því að það hlýtur að vera blekking, gerð af ásettu ráði, að láta eins og eg haldi því fram, *og það sé minn málstaður, að þegar framboð og eftirspurn standast á, þá verði hlutirnir verðlausir*. Einmitt það sem eg tók fram sem hlægilega vitleysu, en eðlilega afleiðingu af rangri kenningu andstæðinganna, *það á að vera mín skoðun*, sem P. P. fer svo að hrekja á sína visu. Þessi blekkingartilraun var því ósamboðnari sæmilegum manni, sem höf. lét dragast hátt á annað missiri að birta »ritdóm« sinn, eins og væri tilgangurinn sá, að eiga hægra með að snúa út úr og rangfæra efnið, af því að það var lesendanum eigi í fersku minni. Þriðja gullkornið í þessari tilfærðu grein P. P. er sú tilraun sem hann gerir þar til að komast hjá að nefna *sannvirði* eða *framleiðslukostnað*, sem komi fram þegar framboð og eftirspurn standast á. Hann segir: »Verðið helzt þá óbreytt«. En hvaða verð? Og hver er orsök þess verðs? Það segir hann ekki, eða vill ekki segja. Þykir réttara að geyma það bak við tjaldið. — Geti má þess, af því hefir dálitla menningarsögulega þýðingu, að þessi rangfærsla P. P., sem var lélegasti parturinn í allri grein hans, hvernig sem á var litið, vakti mesta addáun fyrir skarpleika og lærdómi P. P.

í hringum broddborgara í höfuðstaðnum. Hann hafði þar komist andlega »í takt« við þá.

Útúrsnúningum P. P., þeim sem minni háttar verða að teljast, mun eg svara stuttlega. Hver óvitlaus maður sér hvað átt er við í grein minni með orðunum: »Þá vega þessi tvö andstæðu öfl, hvort á móti öðru og eru jafnstærk«. Getu slík öfl, meðan jafnvægið helst, orsakað hreyfingu? Heldur P. P. að nál hreyfist úr stað af völdum tveggja *jafnstærkra seguljarna*, sem hún liggur mitt á milli? Ef til vill á það fyrir hagstofustjóranum að liggja, að gera jafn skarplegar og fræðimannslegar athugasemdir í eðlisfræði, eins og umrædd grein hans er svo auðug af, að því er snertir auðfræðileg efni. Um fundna gimsteininn hans J. Ól. sem P. P. segir að eg treysti mér ekki til að skýra í samræmi við vinnukenninguna, vil og vísa honum til að lesa skýringu Marx's (Capital I. London 1908. page 7.). Eg hafði gaman af að láta einhvern spekinginn heimska sig á þessu ofureinfalda atriði, því að sama skýringin á við um verðgildi demanta eins og um gull, sem svo var sagt frá í grein minni: »Verð á gulli — er í nákvæmu hlutfalli við framleiðslukostnaðinn, miðað við *alla* þá vinnu, sem til gullgraffar er varið«. Og þetta treystir P. P. sér ekki til að hrekja.

Eg sýndi fram á að náttúrugæðin væri verðlaus, þangað til vinna kæmi til sögunnar, og mannhöndin gerir efnið arðberandi. Ekki ber P. P. á móti því, að landnám Ingólfs hafi verið verðlaust, áður en *hann settist hér að, eða eftir að menn eru hættir að notfæra sér gæði lands og sjávar á þessum bletti jarðarinnar*. En þó vill hann ekki heyra það nefut að verðgildi landsins standi í sambandi við það, *hvað gera má úr því með vinnu*. Hann setur krans af háðsmerkjum við þau orð, að það sé *skipulagsatriði* í mannfélaginu nú sem stendur, að sum náttúrugæði hafa sölugildi. Líklega hefur P. P., þó lærdur sé lesið a. m. k. *einni bók of fátt*. Um

þetta efni gæti hann fengið mikla fræðslu í riti eftir Ch. Letourneau: *L'Evolution de la Propriété*. Paris 1889. Skeð gæti að P. P. yrði dálítið gætnari í háðsmerkjaröksemdunum, þegar hann sæi, sýnt með glöggum dæmum, hve margskonar »skipulag« hefir hingað til verið á yfirráðum náttúrugæðanna, og hve barnungt það »skipulag« er sem við eigum nú við að búa. Og hver er komin til að segja, að það verði ævarandi? Hvað, ef jörðin yrði *aftur* almenningur eins og sjórinn er enn, utan landshelgis? En hvað sem því líður, þá verður P. P. og þeir sem hann ver gardinn fyrir, aldrei feitur af að eiga þau náttúrugæði, sem engin mannhönd getur komist að. Hvað mikið sem hagstofustjóran langar til, getur hann ekki sloppið frá að reka sig á uppsprettu verðsins: vinnuna.

Einn útúrsnúningur P. P. er það, að af því eg leita sannvirðis hlutanna, þá komi skýring mín ekki við markaðsverðinu, heldur einhverju ímynduðu verði. Þar til er þrennu að svara. Fyrst það, að sannvirðið kemur fram *og er markaðsverð*, þegar framboð og eftirspurn standast á, og í öðru lagi er það hinn fasti hluti verðsins, sem gárar og öldudalir marka dægurflugubreytingar á. Í þriðja lagi er það misskilningur P. P. að allir sem skrifa og tala um markaðsverð, þurfi að takmarka sig við yfirborðið eitt, en megi ekki líta á verðið *sögulega*, þ. e. finna tildrög verðsins, og ástæður til að það er einmitt svona, en ekki öðruvísi. Fyrir sjálfan sig getur P. P. valið, hvernig hann tekur þau efni, sem hann skrifar um. En það er ofureinföld sanngirniskrafa að hann unni öðrum sama frelsis. Vafasamt hvort veruleg bót þætti að bendingum frá honum í því efni, öðrum til handa.

Fleira er einkennilegt við þetta skrif P. P.

Út af grein S. Friðrikssonar um gull, silfur og pappir, kemur það í ljós, að hagstofustjórin veit ekki um nýjustu reynslu og erlendar kenningar, sem meira

eru gullinu í óhag, heldur en Þ. Þ. vill kannast við. Hefir Hédinn Valdimarsson bent á þetta, einn af íslenskum auðfræðingum, enda meira af honum að vænta en hinum, þótt yngstur sé. Í tilefni af kenningum Henry George viðurkennir Þ. Þ. um þá verðhækkun lands, sem verður í framtíðinni, án tilverknadar landeigenda, að það séu »allmiklar« ástæður sem mæla með því að hún sé lögð undir ríkið, og það væri »ekki ranglátt gegn jarðeigendum«. — En það er eins og hann finni að hann hafi farið of langt — og bætir við, að af praktiskum ástæðum gæti varla komið til mála að taka nema part af hækkuninni. Adam var ekki lengi í Paradís.

Þetta dæmi sýnir hvílikt sannleiksvitni Þ. Þ. er. Hann sér og *skilur*, að verðhækkunarskattur á hér við, er réttlátur og hefir mikla þýðingu. En hann *gerir ekkert, alls ekkert*, til að láta þjóðina hafa not af þeirri þekkingu. »Sérfræðingurinn« lætur meinsemdina ósnerta, og bætir svo gráu ofan á svart með því að taka með ónotum og útúrsnúningum því fyrsta riti, sem kom út á móðurmáli hans, og stefndi í þá átt að ráða bót á þessu meini, sem hann sjálfur átti að bera mest skyn á, þótt eigi hafi hann haft þá eiginleika, sem með þurfti, til að leggja sjálfur hönd á plóginn. Einn ljósara dæmi um *hlutleysi* fræðimannsins kemur fram í afstöðu hans til Viðskiftafræði J. Ól. og greinar minnar, um markaðsverð. Bók J. Ól. er mjög eindregið hliðholl auðvaldi, og fjandsamleg auðsjafnandi kenningum. Þ. Þ. virðist vita, að þetta var mjög léleg bók, mun jafnvel hafa látið orð falla um það við menn hér í bænum. Og af Ísafoldargrein hans verður ekki annað séð en hann álití kenningar Macleods ekki alls kostar í samræmi við »síðustu bókina«. Samt hreyfir hann, sjálfur »sérfræðingurinn«, ekki legg eda lið til að leiðrétta þær villur, sem þar stóðu. Og bókinn er notuð átölulaust, árum saman, við þann eina skóla, þar sem auðfræði er kend hér á landi.

Það þarf varla að taka það fram, að J. Ól. fer hinum hörðustu orðum um andstæðinga auðvaldsins. En Þ. Þ. *fann ekki ástæðu til að hefjast handa*, fyr en annar maður ritaði grein til að benda á augljósustu fjarstæðurnar í þessari bók. *Þá stendur ekki á Þ. Þ. að nota getu sína, það sem hún nær, til að troða niður þá leiðréttingu.* Ef frekari sannana hefði þurft með til að sýna, hvorum megin hugur og hjarta Þ. Þ. er, þá er þetta síðasta dæmi eitt sér nægilegt til að skera úr því máli.